

Vísir, 23. júní 1936

Krían spáir regni.

Pyrkingsleg veðrátta og þurr-
viðri mikið hefir nú staðið
stundum saman langa hríð og
hefir hvergi verið skýskaf að
sjá á hauðri né himni, mistrið
og moldrykið mikið og einna
mest í gær, einkum hér í bæn-
um og í öllum vegum hér í
grend; var þá engin veðurbreyt-
ing í vændum, svo sýnilegt væri.
Um hádegisbilið fór ég í bifreið
upp að Silungapólli til þess m.
a. að viðra rúmföt, opna hurð-
ir og glugga á húsinu o. s. frv.

Þá er vér okum fram hjá
Tungu, sagði eg við bifreiðar-
stjóran og hina aðra, er í bif-
reiðinni voru:

„Það verður komið regn á
morgun!“

Bifreiðarstjórinn leit til mín
undrandi mjög og mælti ekki
orð við því líkri fjarstæðu og
virtist mér hann og hinir aðrir,
er í förinni voru, aðeins brosa
að þessu.

En í dag, 24 klst. síðar, er
komin þéttur úðvaði og þykk-
viðri mikið!

Nú mætti spyrja: „Hvað
hafðirðu til marks um það í
gær, eins og veðrið var þá, að
komin yrði rigning í dag?“

Eg byggði vissu mína um þetta
á hinu sama, sem eg hefi oft
séð og bent á, þótt fáir
hafi e. t. v. veitt því athygli:

Að krían var komin í hófum
upp um öll tún og tekin til að
tína maðk! — Hún virðist fara
nærri um það, að maðkurinn
er orðinn þyrstur og þurbrjósta
niðri í þurri moldinni og þurfti
því aðeins upp undir svörðinn,
til þess að svala þorsta sínum,
og þá er tækifærið fyrir hana
komið til þess að ná í hann, með-
an hann mettar hungur sitt. —
Þau finna það á sér hvort um
sig, krían og maðkurinn, hvað
veðráttunni líður og þurfa eng-
ar veðurspár um það. Svo er og
um fjölda annara fugla og dýra.
Eg hefi safnað mörgum sögum
um það, sem ekki er unt að
rengja.

17. júní 1936.

Jón Pálsson.

Fuglalífið í bænum.

Fyrsta öndin á þessu vorí
kom í dag á Tjörnina, með þrjá
unga sína. Önnur önd kom litlu
síðar arkandi sunnan öll tún og
hafði hún átta unga í eftirdragi;
voru þeir göngupreyttir mjög.
En sá fögnuður meðal fjöl-
skyldunnar, er út í Tjörnina
kom! Hún hafði sloppið vel við
svartbakinn, sem sveimaði yfir
henni á leiðinni, enda hafði hún
stöðugar gætur á því, hvað hon-
um leið og leit oft upp til hans.
Kæmi hann nærri kúrði hún sig
og unga sína niðri í grasinu eða
í skurðunum og skreið svo með
þá upp á bakkana og hélt síðan
áfram næsta áfangann, uns hinu
fyrirheitna landi var náð: Frið-
helgaða stararenginu* í syðri
Tjörninni; en löng var leiðin og
mörg líf var að verja. Eg og
fleiri, er til þeirra sáum og stóð-
um hjá lendingarstaðnum, tók-
um eftir því, að öndin óttaðist
ekki okkur svo mjög, eða börn-
in, sem urðu á vegi hennar og
unganna, heldur hættuna ofan
að: Svartbakinn!

Síðastliðið sumar var ágæt
skyttu fengin til þess að stytta
svartbaknum aldur, því hann
drap svo marga anda-unga fyrir
allra augum, án þess að við því
yrði gert á annan hátt. Mun
einnig verða fyrir þessu séð í
ár, að fengnu leyfi lögreglu-
stjóra nú, eins og þá, því hann-
að er að skjóta af byssu hér í
bænum og nágrenninu. Vilja
allir þeir, er lífs unna hinum
ungu og ósjálfbjarga smælingj-
um, anda-ungunum, mega
vænta þess, að allir þeir hinir
mörgu menn, ungir og gamlir,
sem leið sína leggja nálægt
Tjörninni, gæti þess sem best
þeir geta, að láta ekki fuglana
verða fyrir neinu ónæði eða á-
reitni og umfram alt reyni að
forða ungunum frá dauða í gini
svartbaksins og annara skað-
skemdardýra, svo sem katta og
rottu.

Síðan „Fuglavinafélagið Fön-
ix“, sem nú telur um 40 efni-
legra drengja, tók til starfa fyr-
ir 2½ ári, hefir það án þess að
láta mikið á sér bera, unnið
gott og þarft verk, með því að
hæna fjölda viltra fugla að
Tjörninni, enda hefir það með
aðstoð ýmsra góðra manna,
einkum brauðgerðarmanna og
matsöluhúsa, fengið fjölda
viltra fugla ágætt friðland hér
við Tjörnina og með því veitt

bæjarbúum mikla ánægju af að
sjá hina sívaxandi fjölgun fugl-
anna með ári hverju. — Ein-
eða tvö andahjón eiga hreiður
í hólmanum fram undan mið-
bæjarbarnaskólanum og lætur
krían, sem þar annars ræður
rikjum, þau naðurlaus með
öllu. Er hólminn nú jafnvel enn
bétthýlli en nokkru sinni áður
og „alt í lagi“, aðeins er hann
enn of litill. Á suður-Tjörninni
eru nú m. a. hrafns-andahjón
ein og kriur við varp á flekan-
um og einnig í litla hólmanum
syðst í þeirri tjörn, ásamt óð-
inshönum, er egg eiga þar
nærri. Flekinn er fuglunum
kærkominn til að viðra sig á, og
væri ágætt að eiga þar falleg-
an hólma, ásamt öðrum nýjum
í nyrðri Tjörninni. En einkum
væri þó æskilegt að leiða heitt
vatn í syðri Tjörnina sunnan-
verða, því þá gætu fuglarnir
hafst þar við allan veturinn og
þyrftu ekki að flýja fram fyrir
þona byssukjaftana á veturna,
eins og þeir urðu að gera í vet-

ur, þegar frostin komu. —
Skömmu eftir veturnæturnar í
haust voru taldar 226 viltar end-
ur í Tjörninni og 13 svanir, þá
er flestir voru. Undir sumar-
málin voru endurnar aðeins 67
og svanirnir aðeins 2, og hafa
þeir verið hér öðru hvoru síðan.

Menn sjá það æ betur og bet-
ur, hvaða þýðingu það hefir
fyrir uppeldi barna hér í þess-
um bæ, sem annarsstaðar, að
fuglalífið nálægt aðalskemti-
stað barnanna sé friðað sem
best og verði sem allra fjöl-
skrudugast. Viðast hvar erlend-
is er árlega miklu fé til þessa
kostað og þykir það borga sig
vel.

Reykjavík 15. júní 1936.

Jón Pálsson.

15. FOTO.
Loftur.